

Stjórn Lífsverks leggur fram tillögu til breytinga á gr. 3.1. í samþykktum sjóðsins á aðalfundi 19. apríl 2016:

3. gr. Aðild að sjóðnum

3.1 Sjóðfélagar geta orðið ~~verkfræðingar og aðrir~~ háskólamenntaðir sérfræðingar. Almennt skal miða við að þeir hafi lokið a.m.k. grunnnámi í viðurkenndum háskóla fyrstu háskólagráðu í raungreinum (BSc, BA eða sambærilegt) ~~eða framhaldsnámi í háskóla í öðrum greinum (MS, MA, MBA, PhD eða sambærilegt)~~. Öllum er heimilt að gera samning um viðbótarsparnað við sjóðinn, greiða til séreignardeildar sjóðsins og gerast rétthafar.

Greinin hljóðar þannig eftir breytingar:

3. gr. Aðild að sjóðnum

3.1 Sjóðfélagar geta orðið háskólamenntaðir sérfræðingar. Almennt skal miða við að þeir hafi lokið a.m.k. grunnnámi í viðurkenndum háskóla (BSc, BA eða sambærilegt). Öllum er heimilt að gera samning um viðbótarsparnað við sjóðinn, greiða til séreignardeildar sjóðsins og gerast rétthafar.

Rökstuðningur með tillögunni:

Stjórn sjóðsins leggur til að inngönguskilyrði í Lífsverk verði ekki bundin við grunnnám í raungreinum eða meistargráðu í öðrum háskólagreinum, eins og verið hefur, heldur verði sjóðurinn almennt opinn fyrir háskólamenntaða sérfræðinga, sem lokið hafa grunnnámi í viðurkenndum háskóla. Með þessu móti gefst tækifæri til að efla sjóðinn frekar og auðvelda kynningarstarf, án þess að sjóðurinn glati sérstöðu sinni, sem eini lífeyrissjóður landsins fyrir háskólamenntað fólk. Stjórn telur að með því að opna fyrir fjölgun sjóðfélaga geti rekstur sjóðsins orðið hagkvæmari til framtíðar, til hagsbóta fyrir núverandi sjóðfélaga.